

KIRKJUGARÐARÁÐ

58. fundur haldinn 18. desember 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skráði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 16:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Einingarverð á grafarkostnaði

Þórsteinn kynnti tillögu Kirkjugarðasambands Íslands um endurskoðað einingaverð á grafarkostnaði. Ráðið samþykkti eftirfarandi einingarverð fyrir árið 2008:

Flokkur	Núverandi einingaverð	Tillaga aðeiningarverði fyrir 2008
1.	103.701	92.000
2.	103.701	92.000
3.	103.701	92.000
4.	103.701	82.000
5.	103.701	82.000
6.	103.701	82.000
7.	103.701	73.451
9.	65.780	73.451
10.	53.916	73.451

3. Hugmyndir um mótvægisáðgerðir til kirkjugarða með stór ógráfin svæði er lækkuðu umtalsvert í tekjum við tilkomu nýs gjaldalíkans sem tók gildi 2005

Málið var rætt vítt og breitt og m.a. bent á að um leið og grafið verður í þessi ógröfnu svæði koma inn umhirðutekjur fyrir þau svæði. Ákveðið að skoða afkomu þeirra garða sem hafa lækkað umtalsvert í tekjum við tilkomu nýs gjaldalíkans og eru með stór ógráfin svæði.

4. Málefni kirkjugarðsins á Hlíðarenda í Fljótshlíð og umhverfi hans

Guðmundur Rafn kynnti og í máli hans kom fram að aðstæður eru óbreyttar.

5. Hugmyndir um afmörkun á kirkjugarðinum á Þingvöllum

Framkvæmdastjóri sagði frá því að hann og Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt sem unnið hefur skipulag á umhverfi Þingvallabæjar hafi fundað með fulltrúum sóknarnefndar og þjóðgarðsins til kynna þeim hugmyndir að endurnýjun á hlöðnum vegg umhverfis kirkjugarðinn. Leist Kirkjugarðaráði vel á þessar hugmyndir og fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

- 6. Tillaga um að bakfæra styrki og afskrifa skuld við Kirkjugarðasjóð**
Framkvæmdastjóri lagði fram lista sem hann hafði unnið yfir þá garða sem voru í skuld við Kirkjugarðasjóð og einnig garða sem hlotið höfðu styrk úr Kirkjugarðsjóði, en ekki framkvæmt fyrir þá og þeir því ógreiddir. Lagt er til að þessir styrkir verði afskrifaðir. Ákveðið að fresta afgreiðslu til næsta fundar.
- 7. Hugmyndir að nýjum kirkjugarði á Akureyri**
Frestað til næsta fundar.
- 8. Næsti fundur**
Næsti fundur sem er úthlutunarfundur ákveðinn 7. janúar kl. 13:00.
- 9. Önnur mál**

Fundi slitið kl. 18:10.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari